

Fundargerð 131. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 31. maí 2018, kl. 13.00 í fjármálaráðuneytinu við Arnarhvol, 101 Reykjavík.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar,
Hafsteinn Hafsteinsson,
Steinunn Sigvaldadóttir,
Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð,
Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri,
Sigurður Harðarsson, Centra fyrirtækjaráðgjöf.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Minnisblað um fjárhagslegan ávinning ríkisins*

Stjórnarformaður gaf Sigurði Harðarsyni frá Centra orðið. Sigurður fór yfir minnisblað um fjárhagslegan ávinning ríkisins sem Centra fyrirtækjaráðgjöf tók saman að beiðni stjórnar. Stjórn þakkaði yfirferðina.

3. *Drög að ársreikningi lagður fram.*

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að ársreikningi fyrir stjórn til kynningar.
Fjármálastjóri fór yfir drögin og tók við athugasemdum stjórnar.

4. *Undirritun samrunaskjala vegna samruna HV2 ehf. og Kadeco ehf.*

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn samrunaskjöl til undirritunar vegna samruna HV2 ehf. og Kadeco ehf. Samrunagögn samþykkt og undirrituð af stjórn.

5. *Umsókn Algalíf Iceland ehf. um lóðir við Bogatröð 12, 14 og 16.*

Máli frestað til næsta stjórnarfundar.

6. *Umsókn Ásgeirs Gunnarssonar f. h. Járnsmiðjunnar ehf. um lóð að Bogatröð 5.*

Máli frestað til næsta stjórnarfundar.

7. *Önnur mál.*

Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn þann 12. júní 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.40.

